

Ed.

552. Frumvarp til laga

[235. mál]

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

2. mgr. 69. gr. orðist svo:
(Ný málsgrein).

Það varðar stjórnanda fars sektum, ef við komu fars frá útlöndum er eigi gerð viðhlítandi grein fyrir áfengis- og/eða tóbaksbirgðum, sem samkvæmt staðfestum skýrslum tollyfirvalda á viðkomustað farsins erlendis hafa verið teknar um borð í farið þar, eða samkvæmt innsigliSSkrá hafa verið geymdar meðal innsigliSSbirgða farsins, og um er að ræða birgðir verulega umfram nauðsynlegar og eðlilegar birgðir farsins, en hvorki eru gefnar upp á innsigliSSkrá eða finnast um borð í farinu við komu þess. Sömu refsingu skulu og þeir af áhöfn farsins sæta, sem undirritað hafa móttökuskilríki eða innsigliSSkrá yfir slíkan varning.

2. gr.

2. mgr. 76. gr. orðist svo:

Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað, og ætla má, að brot varði ekki hærri sekt en kr. 20 000, enda játtist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun, skýrt og stutt, brot það, sem um er að tefla, refsíákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér, og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr kr. 100 000.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta felur í sér tvær breytingar á lögum nr. 59/1969, um tollheimtu og tolleftirlit, og eru þær þessar:

Um 1. gr.

Lagt er til að tekin verði inn ný málsgrein í 69. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit, sem heimili viðurlög við því atferli að upplýsa ekki um afdrif vara, sem samkvæmt staðfestum skýrslum tollyfirvalda erlendis hafa farið um borð í viðkomandi far. Við hefur borið, að tollyfirvöld erlendis hafa gefið hérlendum yfirvöldum nákvæmar upplýsingar um mikið magn hátollavara, sem farið hafa um borð í ákveðin íslensk kaupför, en þessi varningur hefur svo ekki fundizt, né hefur á nokkurn hátt verið gerð grein fyrir því, hvað af honum hafi orðið. Talið er, að vafasöm sé heimild til ákvörðunar viðurlaga í slíkum tilfellum, en jafnaugljóst, að nauðsyn ber til að upplýsa mál af þessu tagi til hlítar. Myndi ákvæði þetta einkum koma að notum, þegar um meiri háttar vörumagn væri að ræða.

Um 2. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að brot varði ekki hærri sekt en 10 þús. kr. Vegna verðlagsbreytinga er lagt til að hækka sektarmark þetta í 20 þús. kr., en heimild þessi hefur gefizt vel og létt verulega álagi af dómstólum, með því að ekki er þá nauðsynlegt að vísa smærri brotum almennt til meðferðar dómstóla. Á sama hátt er lagt til að hækka verðmæti eignar, er tollyfirvald má gera upp-tækt án atbeina dómstóla, úr 50 þús. kr. í 100 þús. kr.